FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Lesskilningur og málnotkun
Námsgrein:	danska
Viðfangsefni:	menning, skilningur, tjáning
Skammstöfun:	DANS2ST05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur lesi fjölbreytta texta, bæði fréttatengda þar sem þeir kynnast Danmörku dagsins í dag en einnig fræðilega og bókmenntalega texta svo nemendur kynnist þeim arfi sem menning þeirra hvílir á. Einnig er lögð áhersla á að kynna danska menningu í máli og myndum með kvikmyndum og sjónvarpsþáttum o.fl. Lögð er áhersla á að þjálfa og æfa málnotkun og danska málfræði.
Forkröfur:	B á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • lestri mismunandi texta • dönsku tal- og ritmáli • danskri málfræði og málnotkun
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • skilja talað mál þar sem fjallað er um þekkt efni • tjá sig sæmilega á dönsku • skrifa samfelldan texta um þekkt efni eða áhugamál • beita grundvallaratriðum danskrar málfræði og málnotkunar
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • lesa mismunandi texta sér til gagns og gamans, s.s dagblöð, tímarit og bókmenntir • eiga samskipti við Norðurlandabúa • kynnast betur danskri (norrænni) menningu og dönskum siðum • skrifa mismunandi texta í margs konar tilgangi
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.